

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 27/2022

2022/EES/42/27

frá 4. febrúar 2022

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2036 frá 19. nóvember 2021 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 17 ⁽¹⁾.
- 2) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 10ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008) í XXII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32021 R 2036:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2036 frá 19. nóvember 2021 (Stjtið. ESB L 416, 23.11.2021, bls. 3).“

2. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2021/2036, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. febrúar 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 416, 23.11.2021, bls. 3.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.